

Ormahreinsun hunda

Eiganda eða umráðamanni hunds er skylt að láta ormahreinsa hund sinn árlega. Tilgangur hreinsunarinnar er að fyrirbyggja sýkingar hjá mönnum af völdum bandorma og spóluorma í hundum. [57. gr. reglugerðar nr. 941/2002].

Eigendur / umráðmenn hunda skulu setja sig í samband við Gísla Sverri Halldórssyni dýralæki að Ægisbraut 19 í Búðardal og mun hann þá sjá um hreinsunina.

Skv. gjaldskrá Dalabyggðar fyrir hundahald er hundahreinsun og ábyrgðartrygging innifalin í árlegu gjaldi sem hefur þegar verið innheimt af eigendum skráðra hunda.

Eigendur óskráðra hunda í Búðardal ber að skrá hunda sína á skrifstofu Dalabyggðar. Einnig má skila útfylltu skráningarblaði hjá dýralækni samhliða hundahreinsun og mun þá Dalabyggð greiða hreinsunina og kaupa ábyrgðartryggingu fyrir hundinn.

Hundahreinsun í dreifbýli fer fram samhliða öðrum ferðum dýralæknis. Hundaeigendur í dreifbýli sem ekki eiga sauðfé eru beðnir um láta dýralækni vita af þeim hundum svo hægt verði að meðhöndla þá í sömu ferð.

Ormahreinsun katta

Eiganda eða umráðamanni kattar er skylt að láta ormahreinsa kött sinn árlega og ber hann allan kostnað af hreinsun hans, nema að annað komi fram í samþykkt hlutaðeigandi sveitarfélags. Skylt er að ormahreinsa alla ketti fjögurra mánaða og eldri.

Ef ekki er kveðið á um annað í samþykkt viðkomandi sveitarfélags skal eigandi eða umráðamaður kattar geyma hreinsunarvottorð í þrjú ár og framvísa því við eftirlitsaðila ef óskað er. [58. gr. reglugerðar nr. 941/2002].

Dalabyggð hefur ekki sett samþykkt um kattahald.

Eigendum katta er bent á að hafa samband við Gísla dýralækni varðandi ormahreinsun.



DALAPÓSTURINN

1. tölublað, 11. árgangur

22. janúar 2018

Íbúafundur

Íbúafundur verður haldinn í Dalabúð miðvikudaginn 24. janúar nk. kl. 20:00.

Dagskrá

1. Fjárhagsáætlun 2018-2021
2. Ljósleiðaraverkefni
3. Lýsing að tillögu að breytingu á aðalskipulagi
4. Kaffihlé
5. Fyrirspurnir og umræður

Undir lið 3 verða meðal annars kynnt áform um vindorkugarð í landi Hróðnýjarstaða.

Íbúar Dalabyggðar eru hvattir til að mæta á íbúafund.

Félagsleg þjónusta

Föst viðvera félagsráðgjafa er í Stjórnsýsluhúsinu í Búðardal, fyrsta og þriðja miðvikudag hvers mánaðar frá kl. 13 til 16. Tímappantanir eru í síma 433 7100 eða 898 9222 milli kl. 9 og 15 virka daga.

Auk þess er unnt að hafa samband við félagsþjónustuna símleiðis í síma 433 7100 á milli kl. 9 og 15 aðra virka daga, fá upplýsingar og ráð eða ákveða aðra stund og annan tíma, allt eftir aðstæðum.

Ábyrgðarmaður: Sveinn Pálsson, sveitarstjóri.
Dalabyggð, Miðbraut 11, 370 Búðardalur

Íþróttá- og tómsfundafulltrúi

Dalabyggð, í samvinnu við Ungmennasamband Dalamanna og Norður-Breiðfirðinga (UDN) auglýsir starf íþróttá- og tómsfundafulltrúa.

Leitað er að öflugum einstaklingi sem er tilbúinn til að stýra metnaðarfullu og lifandi starfi. Starfshlutfall er 80% - 100% auk fastrar yfirvinnu.

Helstu verkefni eru

- að samþætta og efla íþróttá- og tómsfundastarf í Dalabyggð og stuðla að samfelli í skóla, íþróttá- og félagsstarfi barna í sveitarfélaginu.
- framkvæmdastjórn UDN.
- yfirumsjón með vinnuskóla, félagsmiðstöð og íþróttamannvirkjum.
- forstaða og aðstoð við félagsstarf aldraðra.
- aðstoð við ungmennaráð Dalabyggðar.
- skipulag og verkefnastjórn í ýmsum málum sem til falla, t.d. forvarnamál og átaksverkefni.

Hæfniskröfur eru

- menntun sem nýtist í starfi.
- reynsla og þekking á íþróttá- og æskulýðsmálum.
- góð framkoma og hæfni í mannlegum samskiptum.
- reynsla af stjórnun, stefnumótun og fjárhagslegri ábyrgð.
- framsýni og metnaður í starfi.
- almenn tölvukunnátta.

Gert er ráð fyrir að starfsmaðurinn komi til með að búa í Dalabyggð og hann þarf að hafa hreint sakavottorð. Starfsstöð verður á skrifstofu Dalabyggðar.

Laun eru samkvæmt samningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og SDS eða viðeigandi fagfélags.

Umsóknnum skal skila til skrifstofu Dalabyggðar, Miðbraut 11, 370 Búðardal. Fyrirspurnir má senda á sveitarstjóri@dalur.is.

Umsóknarfrestur er til og með 7. febrúar 2018.

Álagningarforsendur og gjaldskrár

Álagningarhlutföll útsvars og fasteignaskatts eru óbreytt frá árinu 2017, en gjaldskrár hækka almennt um 3,0%.

Gjaldskrá fyrir sorphirðu hækkar meira og til verður nýr gjaldflokkur, bújarðir eða býli með atvinnustarfsemi. Gert er ráð fyrir að hefja reglubundna söfnun dýrahæja frá bújörðum á fyrri hluta ársins. Hækkun gjaldskrár sorphirðu umfram verðlagsbreytingar er til að mæta kostnaði vegna þessa.

Gildandi gjaldskrár Dalabyggðar má finna á heimasíðu sveitarfélagsins, www.dalur.is.

Héraðsbókasafn Dalasýslu

Héraðsbókasafn Dalasýslu á Miðbraut 11 í Búðardal er opið á þriðjudögum og fimmtudögum kl. 13-18. Bókasafnið er lokað beri almenna frídaga upp á opnunardaga.

Rafbókasafn

Héraðsbókasafn Dalasýslu hefur gerst aðili að rafbókasafninu.

Til þess að fá aðgengi að Rafbókasafninu þarf lánþegi að vera með gilt bókasafnskort og velja sér aðgangsorð sem bókasafnið skráir inn í gangagrunn bókasafna.

Upplýsingar og aðstoð er hægt að fá á Héraðsbókasafni Dalasýslu, netfanginu bokasafn@dalur.is eða í síma 430 4720.

Endurvinnslustöðin

Endurvinnslustöðin er opin á þriðjudögum kl. 13-18 og laugardögum kl. 11-14. Flokkunarkrá er opin allan sólarhringinn.

Skrifstofa Dalabyggðar

Skrifstofa Dalabyggðar á Miðbraut 11 í Búðardal er opin virka daga kl. 10-14. Símatími er virka daga kl. 9-13. Síminn er 430 4700 og netfangið dalur@dalur.is